

Fundargerð 24. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2016, mánudaginn 14. mars kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Jón Óskar Pétursson, Stefán Bogi Sveinsson, Árni Eiríksson, Sigrún Hauksdóttir og Gunnsteinn R Ómarsson. Unnur Lára Bryde boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samtök orkusveitarfélaga - fundargerðir 2016-2020 - 1601004SO

Lögð fram fundargerð 23. fundar frá 19. janúar 2016.

Til kynningar.

2. Fundur með verkefnisstjórn um rammaáætlun - 1512001SO

Lagt fram að nýju minnisblað, dags. 2. desember 2015, af fundi sem formaður og starfsmaður áttu með verkefnisstjórn um rammaáætlun.

Rætt um drög að breytingum á starfsreglum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Starfsmanni falið að óska eftir fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra til að ræða áhyggjur stjórnarmanna og einnig til að ræða löggjöf í kringum vindmyllur.

3. Sameiginlegur fundur Samorku, sambandsins og Samtaka orkusveitarfélaga - 1511002SO

Starfsmaður gerir grein fyrir stöðu erindis sem samtökin, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorka sendu til innanríkisráðuneytisins.

Til upplýsingar.

4. Greining á lögum og reglugerðum í tengslum við nýtingu vindorku - 1603001SO

Gert grein fyrir stöðu erindis sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendi umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 17. október 2015, þar sem óskað var eftir því að ráðherra skipi starfshóp til að greina þörf fyrir nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar vegna virkjunar vindorku.

Til kynningar.

5. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2016 - 1601001SO

Rætt um dagsetningu aðalfundar og breytingar á árgjöldum.

Samþykkt að halda aðalfund Samtaka orkusveitarfélaga miðvikudaginn 21. september 2016 kl. 11:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Fundi var slitið kl. 11:50